

Hornafjarðarhöfn við Ósland

Endurskoðun deiliskipulags

Lýsing sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

11. nóvember 2021



ATA

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Forsendur	2
3 Deiliskipulagssvæðið	2
4 Tengsl við aðrar áætlanir	3
Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030	3
Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir	4
Aðrar áætlanir	4
Ósland - fólkvangur	4
Stefna Hornafjarðarhafnar 2014-2019	4
5 Skipulagsferli, kynning og samráð	4

1 Inngangur

Fyrirhugað er að gera breytingar á gildandi deiliskipulagi Hornafjarðarhafnar við Ósland. Breytingarnar eru sumar sértækar og ná til einstakra lóða en einnig þarf að gera breytingar á almennum skilmálum sem ná til alls svæðisins. Þar sem fyrirhugaðar breytingar eru talsvert margar var sú ákvörðun tekin að taka deiliskipulagið til endurskoðunar í heild sinni. Gildandi deiliskipulag, dags. 03.09.2015, fellur úr gildi við samþykkt nýs deiliskipulags. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að tryggja skilvirka nýtingu og markvissa uppbyggingu á hafnarsvæðinu.

2 Forsendur

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á hafnarsvæðinu, s.s. á hafnarkanti Óslandsbryggju, legu smábátahafnar og tilfærslu á götum sem verða endurskoðaðar m.t.t. til breyttra áherslna sveitarfélagsins og þarfa hafnarinnar. Þörf er á auknu athafnasvæði fyrir höfnina við hafnarkantinn, aukinni aðgangsstýringu á hafnarsvæðinu og við smábátahöfnina. Gert er ráð fyrir að innan deiliskipulagssvæðisins verði svæði fyrir haugsetningu á efni sem fellur til vegna uppdælingar og hægt er að nýta í sveitarfélaginu. Almennt þarf að skerpa á skilmálum um umgengni á svæðinu, ásýnd þess og frágang. Í endurskoðuðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að skert verði á skilmálum um lóðir og lóðafrágang og sérstök áhersla verður lögð á lóðir sem eru eingöngu nýttar sem geymslusvæði. Skilgreina þarf aðgengi almennings að hafnarsvæðinu og áhersla lögð á að beina þeim í átt að þjónustusvæði og samkomusvæðið við Óslandsveg og að fólkvanginum.



Mynd 1 - gildandi deiliskipulagsuppráttur fyrir Hornafjarðarhöfn við Ósland.

3 Deiliskipulagssvæðið

Mörk deiliskipulagsins eru óbreytt frá gildandi deiliskipulagi, sjá mynd 1. Til norðurs og vesturs

fylgja þau mörkum aðliggjandi deiliskipulaga og strandlínu til austurs og suðurs. Svæðið er um 35 ha að stærð. Á deiliskipulagssvæðinu er í dag starfsemi á sjö lóðum.

Deiliskipulagssvæðið er sunnan við þéttbýlið á Höfn, á svæði sem áður var eyja, en er nú fast við land. Þessi fyrrum eyja er að mestu flatlend, að tveimur hæðum undanskildum. Vestasti hluti deiliskipulagssvæðisins (vestan við svokallaða Ferjukletta) er uppfylling, en þar hefur uppdælingu úr höfninni verið safnað. Þar er því langt niður á fast og erfitt byggingarland.

Fuglalíf á og í kringum deiliskipulagssvæðið er fjölbreytt. Þar eru einnig útivistarstígar umhverfis Óslandstjörn, sem er hluti af verndarsvæði Óslandsins, og meðfram strandlengjunni. Innan deiliskipulagssvæðisins er mestmegnis hálfgróið yfirborð og graslendi, en þó nokkuð er af sjálfsprottnum víði vestast á svæðinu auk þess sem sjá má melgresi meðfram ströndinni víða.

Fornleifaskráning hefur farið fram að hluta á svæðinu, á sýnilegum minjum, í tengslum við gerð gildandi deiliskipulags. Þar er um að ræða tóftir af fjárhúsum við strandlínuna syðst á svæðinu. Fullnægjandi fornleifaskráning hefur ekki farið fram en í nýju deiliskipulag verða sett ákvæði um að ef minjar eða merki um minjar finnast á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2010

Tillagan fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 151/1809. Í deiliskipulagi verður gert grein fyrir áhrifum tillögunnar á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Deiliskipulagssvæðið er skilgreint sem hafnarsvæði (H1) í aðalskipulagi og iðnaðarsvæði (I6) fyrir skólpdælustöð. Landnotkun á deiliskipulagssvæðinu er í samræmi við aðalskipulag. Í deiliskipulagstillögu verður tekið mið af ákvæðum aðalskipulags um opið svæði (OP1), friðlýst fólkvang (FS4) og náttúruverndar (ÖN5) sem liggja að mörkum deiliskipulagsins, sjá mynd 2.



Mynd 2 - Þéttbýlisuppráttur Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030, m.s.br., og mörk deiliskipulagsins.

Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir

Á Hornafjarðarhöfn norðanverðri eru tvær deiliskipulagsáætlanir í gildi, „Hafnarsvæðið við Krossey“ samþykkt 03.03.2014 og „Hafnarvík-Heppa-Höfn“, samþykkt 15.12.2011. Vestan við Hafnarsvæðið er deiliskipulagið „Útbær á Höfn“ sem samþykkt var 12.02.2016. Í tillögu að deiliskipulagi verður tekið tillit til aðliggjandi deiliskipulagsáætlana hvað varðar tengingar og ásjón og frágang á aðliggjandi lóðum.

Aðrar áætlanir

Ósland - fólkvangur

Ósland er 15 ha friðlýstur fólkvangur, sjá mynd 2. Markmið með friðlýsingu er „að tryggja svæði til útivistar og útikennslu í náttúrufræðum í Sveitarfélaginu Hornafirði. „Svæðið hefur hátt útivistargildi, en þar eru m.a. auðugar leirur með miklu fuglalífi.“ Þá er einnig markmiðið að „tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs“. Svæðið er vel aðgengilegt.

Líkt og í gildandi deiliskipulagi verður áfram lögð áhersla á góðar tengingar við fólkvanginn og falllegt yfirbragð og frágang aðliggjandi lóða.

Stefna Hornafjarðarhafnar 2014-2019

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti stefnu Hornafjarðarhafnar þann 3. mars 2014. Við gerð deiliskipulagstillögunnar verður tekið mið af stefnunni.

5 Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing fyrir nýtt deiliskipulag er nú kynnt almenningi og umsagnaraðilum í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin verður aðgengileg á vef sveitarfélagsins og send umsagnaraðilum. Umsagnir og athugasemdir sem kunna að berast við lýsinguna verða hafðar til hliðsjónar við mótun deiliskipulagstillögunnar.

Umsagnaraðilar eru:

- ▶ Skipulagsstofnun
- ▶ Umhverfisstofnun
- ▶ Samgöngustofa
- ▶ Náttúrustofa Suðausturlands
- ▶ Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- ▶ Minjastofnun Íslands
- ▶ Vegagerðin (hafnarsvið)
- ▶ Veðurstofa Íslands

Tillaga að deiliskipulagi verður kynnt á vinnslustigi í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og frestur gefinn til að gera athugasemdir við tillöguna. Umsagnir og athugasemdir sem kunna að berast við vinnslutillöguna verða hafðar til hliðsjónar við endanlega útfærslu deiliskipulagstillögunnar. Að því loknu verður fullmótuð deiliskipulagstillaga auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að nýju gefinn frestur til að gera athugasemdir við tillöguna sem skal ekki vera skemmri en 6 vikur.

Athugasemdum og ábendingum skal skilað skriflega til bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.